

23. nóvember 2009
SI-56837

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti, dags. 10. nóvember 2009, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-reglur, réttindi hluthafa), 70. mál.

Frumvarpið felur í sér frekari innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum. Árið 2006 voru viss ákvæði tilskipunarinnar innleidd, t.d. ýmis ákvæði um rafræna hluthafafundi, sbr. lög nr. 89/2006 og svipuð ákvæði þá sett um einkahlutafélög, sbr. lög nr. 93/2006. Tilskipunin var tekin upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 59/2008 frá 25. apríl 2008.

Helsta breyting frumvarpsins er að lágmarksfrestur til boðunar hluthafafunda, í hlutafélögum sem hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, er lengdur úr einni viku í þrjár vikur (21 dag). Ennfremur lýtur efni frumvarpsins m.a. að því að auka réttindi og áhrif hluthafa og skapa jafnræði með hluthöfum, hvort heldur innlendum eða erlendum, varðandi þátttöku í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu í umræddum félögum. Hins vegar skal þess getið að svo virðist sem íslenska þýðingin á umræddri tilskipun sé ekki rétt að því leyti að enska orðið “general meeting” hefur verið þýtt sem „aðalfundur“, en ætti að mati bankans að vera þýtt sem „hluthafafundur“ samanber umrætt frumvarp.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins enda um frekari lögleiðingu á tilskipun að ræða sem þegar hefur verið tekin upp í EES samninginn.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur